

## BREYTING Á DEILISKIPULAGI - GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem gert var upphaflega árið 2012 fyrir bæjartorfu Sjónarhóls í Ásahreppi (Lnr. 198871). Í gildi er deiliskipulag með breytingu sem gerð var árið 2018.


Breytingin hér felst í því að bætt er við þriðja byggingareitnum - B3 - og skilmálar settir um byggingar innan hans. Skipulagssvæðið stækkar í samræmi við stækkun lóðar. Afmörkun svæðis fylgir lóðamörkum eins og þau eru birt á lóðablaði dagsettu 15.11.2022. Stærð svæðis er um 6.9 hektarar. Var áður 5.0 hektarar.

Breytingar þessar eru í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 þar sem landnotkun er skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Um er að ræða landbúnaðarland með rúmum byggingarheimildum (L3).

Aðkoma að svæðinu er um þjóðveg 284 (Heiðarveg) og heimreiðina að Sjónarhóli.

Byggingareitur B3 er færður inn á uppdrátt. Fyrirhugaðar byggingar eru sýndar innan byggingareitsins til viðmiðunar. Á uppdrátt eru jafnframt færð mannvirki sem byggð hafa verið eftir að síðasta breyting deiliskipulagsins tók gildi. Þar með talið breytingar á geymslusvæðum og mönum. Eftirfarandi texti er viðbót við gildandi skilmála sem halda annars gildi sínu óbreyttir.

B3 : Reitur fyrir íbúðarbyggingar tengdar starfsemi búans. Heimilt er að byggja íbúðarhúsnæði allt að 500 m<sup>2</sup> í þremur húsum. Mænishæð mest 5.0m, mælt frá plötu.





Úr Aðalskipulagi (2020-2032)  
Ekki í kvarða

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps samkvæmt 1. mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. þann 15. febrúar 2023.

**TILLAGA**

Samþykkt deiliskipulagsbreytingar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann



### SKÝRINGAR

- Skipulagssvæði
- Landamerki
- Byggingareitur
- Vegir
- Manir úr jarðvegi og gróðri

ÁSAHREPPUR  
SJÓNARHÓLL

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

20.11.2022 Mælikvarði 1:2000 á A3 SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279



*Sigurður U. Sigurðsson*